

♥ **Lofgjörð: Lofum og tilbiðjum Guð fyrir hver Hann er. Guð er miskunnsamur!**

Neh 9:17b

...En þú ert Guð, sem fús er á að fyrirgefa, náðugur og miskunnsamur, þolinmóður og elskuríkur, og yfirgafst þá ekki.

Sálm 100:4-5

Gangið inn um hlið hans með lofsöng, í forgarða hans með sálum, lofið hann, vegsamið nafn hans. Því að Drottinn er góður, miskunn hans varir að eilífu og trúfesti hans frá kyni til kyns.

Sálm 145:8-9

Náðugur og miskunnsamur er Drottinn, þolinmóður og mjög gæskuríkur. Drottinn er öllum góður, og miskunn hans er yfir öllu, sem hann skapar.

Sálm 103:8

Náðugur og miskunnsamur er Drottinn, þolinmóður og mjög gæskuríkur.

♥ **Syndajátning:** Í hljóði. Leiðtoginn byrjar og endar þennan hluta.

1Jóh 1:9 Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti.

♥ **Þakkargjörð:** Þakkið Guði fyrir fyrir bænasvör og annað sem Hann hefur gefið okkur.

1Þess.5:18 Þakkið alla hluti, því það er vilji Guðs með yður í Kristi Jesú.

♥ **Fyrirbæn:** 1Tím. 2:1 Fyrst af öllu áminni ég um að bera fram ákall, bænir, fyrirbænir og þakkargjörðir fyrir öllum mönnum,

-Bæn fyrir börnunum: 1Þess 5:18 og Sálm 103:2

"Góði Guð, við biðjum þess að þú hjálpir _____ að vera þakklát/-ur fyrir það sem hún/hann hefur og að hún/hann láti ekki neikvæðni og vanþakklæti ríkja í hjarta sínu. Gefðu _____ þakklátt hjarta og hjálpaðu henni/honum að þakka þér undir öllum kringumstæðum, fullviss um að þú hafir stjórn á öllu sem mætir og munir leiða hana/hann. Við biðjum í Jesú nafni, Amen! "

Nafn: _____ Nafn: _____ Nafn: _____

-Bæn fyrir kennurum: Fil.4.6-7

„Miskunnsami Guð, Við biðjum fyrir _____. Þú þekkir hjarta hans/hennar og veist hvað íþyngir og gleður. Við biðjum þess að þú hjálpir honum/henni að hafa ekki áhyggjur, en leggja allar óskir sínar fram fyrir þig í bæn, og beiðni og þakkargjörð. Þá mun mun friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, varðveita hjarta hans/hennar og hugsanir í Kristi Jesú. Amen».

Nafn: _____ Nafn: _____

-Bæn fyrir leikskólum/ skólum/ framhaldskólum/ háskólum

-Biðjið um frelsi fyrir börnin í bekknum.

-Biðjið að skólinn kenni börnunum um þakklæti.

-Bæn fyrir Mæðrum í bæn

-Biðjið um að mæður fyllist þakklæti fyrir fjölskyldur sínar.

Mundu að allt sem talað er í hópnum er bundið trúnaði.